

Til efnahags- og viðskiptanefndar

Frá tekju- og skattaskrifstofu

Efni: Minnisþingur um tillögur SAF varðandi vörugjald á bílaleigubifreiðar

Í frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum (mál nr. 468) er að finna tillögu um hækkun vörugjalds á bílaleigubifreiðar. Reiknað er með að sú breyting skili ríkissjóði 500 m.kr. í viðbótartekjur 2013.

Samtök ferðaþjónustunnar og forsvarsmenn einstakra bílaleiga hafa mótmælt þessum áformum og kynnt sínar tillögur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð sem þeir telja einfaldar í framkvæmd. Tillögunum má skipta í eftirfarandi fimm þætti: a. Fastagjald; b. Umhverfisgjald; c. Eftirlitsgjald, d. Hert eftirlit og e. Umferðaröryggisgjald á Seyðisfirði.

Fastagjald – leyfisgjald vörugjalda. Lagt er til að innheimt verði af tollstjóra fast gjald af þeim bílaleigum sem nýtt hafa sér afslátt af vörugjöldum á hverju ári, eða 3 m.kr. á hverju ári. Þessari gjaldtöku er ætlað að skila **165 m.kr.** í tekjur á ári og er þá gert ráð fyrir að 55 bílaleigur af 120-130 greiði gjaldið. Forsvarsmenn bílaleiganna telja að með þessari gjaldtöku dragi úr misnotkun. Tvennt þarf að skoða nánar varðandi þessa leið áður en lengra er haldið. Annars vegar kostnaður af uppsetningu og reksturs slíks álagningar- og innheimtukerfi hjá tollstjóra, ekki síst í hlutfalli við tekjuöflunina, þar sem slíkt kerfi er ekki til staðar í dag. Hins vegar fjárhæð gjaldsins sem er óháð umfangi viðkomandi bílaleigu og skapar því ákveðið ójafnræði milli minni og stærri aðila í greininni.

Umhverfisgjald. Hér er um að ræða eins konar viðbótarbifreiðagjald á hverja bílaleigubifreið, samtals 2.800 kr. á ári. Áætluð innheimta **25 m.kr.** Tæplega hægt að mæla með sérstakri gjaldtöku af þessari stærðargráðu þar sem líklegt er að kostnaður við upptöku gjaldsins verði svipaður og innheimtan.

Eftirlitsgjald. Lagt er til að tekið verði upp árlegt eftirlitsgjald innheimt af Vegagerðinni, samtals 500 þús. kr. á hverja bílaleigu. Gert er ráð fyrir að 90 bílaleigur greiði gjaldið og innheimta þess nemi **45 m.kr. á ári.** Ljóst er að eftirliti með bílaleigum hefur verið mjög ábótavant og því löngu tímabært að bregðast við því. Eðlilegt er að bílaleigurnar greiði sjálfar fyrir eftirlit með þeim hætti sem hér er lýst á móti þeim kostnaði sem Vegagerðin hlýtur óhákvæmilega að verða fyrir vegna eftirlitsins.

Tekjur af hertu eftirliti. Hér miða SAF og forsvarsmenn greinarinnar við að undanskot í greininni nemi **73 m.kr.** á ári í töpuðum tekjum fyrir ríkissjóðs, eða ca. 3% af uppgæfni vsk-skyldri veltu í greininni. Ljóst er að herða þarf eftirlit með skattskilum þessarar atvinnugreinar sem annarra, en erfitt er að jafna þeirri aðgerð saman við þá sem lagt er upp með í frumvarpinu.

Umferðaröryggisgjald á Seyðisfirði. Hér er lagt til að innheimt verði sérstakt umferðaröryggisgjald við komu ökutækja til Seyðisfjarðar með Norrænu sem ætlað er að skila um **40 m.kr.** árlega. Starfsmenn tollstjóra skulu annast þá innheimtu. Ráðuneytið telur fullvíst að slík gjaldtaka standist ekki EES-reglur um frjálsa för og bann við mismunun.

Í stuttu máli er það mat ráðuneytisins að hér sé lagt til að tekið verði upp flókið kerfi gjaldtöku sem ekki mun skila þeim tekjum sem að er stefnt í stað einfaldrar breytingar á vörugjöldum.